



## Greinargerð um sérstakan skatt á eignir einstaklinga.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Dómsmálaráðherra – Utanríkisráðherra – Greinargerð – Skattamál –  
Sérstakur skattur – Eignaskattur – Einstaklingar - 1950

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnsmálamaðurinn  
Askja 2-13, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rélagu, sem skilgreint var um ógreiddum eignum og skattalagum  
eignir, sem eru um 12. gr.

Á árinu 1950 skal leggja sérstakan skatt á eignir allra ein-  
staklinga, sem skattskyldir eru samkv. 1. og 2. kafla laga nr.  
6/1935, og skal skattálagningin miðuð við eignir þeirra hinn  
31. desember 1949.

Mat á verðmæti eigna skal fara eftir ákvæðum skattalaga og  
hrein eign skal ákveðin eins og þar segir með eftirtöldum  
breytingum :

1. Fasteignir skulu meðnar samkvæmt fasteignamati margfölduðu  
með tölunni 7, að því er varðar Reykjavík, tölunni 5, að  
því er varðar aðra kaupstaði með yfir 4000 íbúa í árslok  
1948, tölunni 4 að því er varðar aðra kaupstaði með yfir  
2000 íbúa á same tíma, og tölunni 3 að því er tekur til  
annara landshluta.
2. Verðmæti skips skal talið vatrýggingarverð þess, nema sannað  
sé með mati, að eðlilegt söluverð þess sé annað.
3. Innstæður erlendis, sem til voru í árslok 1949 og óeyddar  
eru við gildistöku laga þessara, reiknast með því verðgildi,  
sem þær hafa eftir að gengisbreyting samkvæmt lögnum hefur  
komið til framkvæmda.
4. Frá eignum dregst gengistap vegna skulda í erlendum gjald-  
eyri, sem ógreiddar eru við gildistöku laganna, og sem  
stofnað hefur verið til vegna innflutnings á vörum eða  
skipum með leyfi gjaldeyrisyfirvalda, enda hafi útsöluverð  
vörunnar verið ákveðið áskur en lögin gengu í gildi. Frá  
eignum dregst enn fremur eign í nýbyggingarsjóði sbr.

lög nr. 128/1947 og ógreiddur eignaukaskattur skv. 1. nr. 128/1947.

Félög greiða ekki eignarskatt samkvæmt lögum þessum, en grein-  
um eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skal skipt  
niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og  
stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með  
öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu. Með eignum

félaga, sem skiptast samkvæmt framansögðu, teljast ekki þær eignir, sem samkvæmt landslögum er óheimilt að skipta milli félagsmanna við félagsslit en eiga þá að afhendast því opinbera til varðveislu, sbr. 18g nr. Eigi heldur nýbyggingarsjóðir hjá útgerðarfélögum.

Frá eignum einstaklinga, reiknuðum samkvæmt framansögðu, dragast kr. 250.000,00 hjá hverjum skattaðila, áður en skattur er á lagður. Skatturinn reiknast þannig :

Af 250 - 500 þús. kr. reiknast 10 % af því, sem er umfram 250 þús. kr.

" 500 þús. - 1 millj. kr. reiknast 25 þús. af 500 þús. og 15 % af afgangi.

" 1 milj.- 1 1/2 millj. kr. reiknast 100 þús. kr. af 1 millj. og 20 % af afgangi

" 1 1/2 milj. - 2 milj. kr. reiknast 200 þús. kr. af 1 1/2 millj. og 25 % af afgangi.

" 2 milj. kr. reiknast 325 þús. kr. og 30 % af afgangi.

Skatturinn skal greiðast í síðasta lagi 6 manuðum eftir að skattupphæð var tilkynnt gjaldanda. Nú er skattur hærri en kr. 2000,00 og er gjaldanda þá heimilt að greiða allt að 80 % af því, sem þar er fram yfir, með ríkistryggðum verðbréfum eða skuldabréfum, tryggðum með veði og ábyrgð skattgreiðanda, enda greiðist andvirði bréfanna með jöfnum afborgunum á eigi lengri tíma en 20 árum og séu vextir af þeim 5 %. Séu afhent bréf með lægri vöxtum, reiknast tilsvarandi afföll af þeim.

Félagsmaður í samvinnufélagi getur krafist þess, að félagið borgi þá hluta af þeim skatti, er honum ber að greiða, sem á hefur verið lagður vegna eignar hans í féluginu. Eigandi hlutabréfs getur einnig krafist þess að fá útborgað úr viðkomandi hlutafélagi til greiðslu á skatti samkvæmt lögum þessum, þá hluta af þeim skatti, er honum ber að greiða, sem á hefur verið lagður vegna eignar hans í hlutaféluginu. Slik útborgun til hluthafa frá hlutafélagi telst ekki skattskyld samvk. ákvæðum 8. gr. laga nr. 6/1935. Við útreikning á þeim hluta skatts, er félagi ber að greiða, skal finna hvað eign félagsmanns í féluginu er stór hundraðshluti af heildareign hans umfram 250 þús. kr. og greiðir félagið jafn háan hundraðshluta af skattinum.

Af skatti þessum skal verja 10 miljónum króna til þess að bæta verðfall, sem orðið hefur á sparifé einstaklinga, þ.e. einstakra manna en ekki félaga, stofnana, sjóða eða annara ópersónulegra aðila. Til sparifjár telst í þessu sambandi fé, sem lagt hefur verið til ávöxtunar í banka, sparísjóði, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar lánsstofnanir, sem eins stendur á um að þessu leyti. Enn fremur innstæður einstaklinga í verzlunarreikningum.

Skilyrði bóta er, að innstaðan hafi verið talin fram til skatts, og staðið óslitið frá árslokum 1941 til ársloka 1949 til ávöxtunar í nefnum láns eða viðskiptastofnunum. Samt fellur réttur til bóta ekki niður, pótt sparifé hafi verið flutt úr einum sparifjárreikningi í annan í sömu stofnun, eða úr sparifjárreikningi í einni stofnun í sparifjárreikning í annari stofnun, enda hafi nefndur flutningur ekki tekið meira en two daga, ef fé er flutt innan sama þejarfélags, en annars ekki meira en tvær vikur.

Bætur skulu því aðeins greiddar að eigandi innstæðu sé á lífi, er lög þessi taka gildi. Þó skulu maka innstæðueiganda, foreldri eða nið, greiddar bætur á innstæðu, sem pannig hefur gengið að erfðum.

Bætur þessar má greiða í ríkisskuldabréfum.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um framkvæmd á úthlutun bóta, samkvæmt þessari grein, þar á meðal um innköllun kröfueigenda innhan hæfilegs og tiltekins frests að viðlögðum kröfumissi. Landsbanka Íslands skal falin framkvæmd úthlutunarinnar.

Að öðru leyti skal skattinum skipt í two jafna hluta.

Öðrum hlutanum skal varið til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs en hinn hlutinn skiptist til helminga milli byggingarsjóðs, samkv. lögum nr. 35/1946 og byggingarsjóðs samkv. lögum nr. 44/1946.

Hluta byggingarsjóðanna skal greiða þeim í peningum að svo miklu leyti sem sá hluti skattsins, er pannig innheimtist, hrekkur til. Skuldabréf, sem eignarskattur samkv. þessari grein er greiddur með, skulu vera lögmæt greiðsla upp í lausaskuldir ríkissjóðs við Landsbanka Íslands, en ríkissjóður ábyrgist gagnvart bankanum greiðslu bréfanna.